

# Valgreinar 2. tímabil 2022 – 2023

Tímabil 21. nóvember 2022 til 17. febrúar 2023.

## LEIÐBEININGAR

- Lestu vel yfir hvaða námskeið eru í boði.
- 7. bekkur er eingöngu í vali á föstudögum!
- Flest námskeiðin eru kennd í um það bil 10 vikur, einu sinni í viku.
- Þú velur 1 val sem **fyrsta val** (það sem þig langar mest að taka þátt í), **annað val** (það sem þig langar næst mest að gera) og **þriðja val** (ef það skyldi vera fullt í 1. og 2. vali). Athugið að það má ekki velja það sama í 1., 2. og 3. vali.

## NÁMSMAT Í VALNÁMSKEIÐUM

Til grundvallar liggja hæfniviðmið (tvö eða fleiri) sem kennari velur sér úr viðeigandi námskrá miðað við valáfangann sem hann kennir hverju sinni. Meðal annars er litið til frammistöðu nemenda, samvinnu, þátttöku og viðhorfs í kennslustundum.

## VAL UTAN SKÓLA – ATHUGIÐ!

Að ósk foreldra er **heimilt að meta sem nám þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagsstarfi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi.** Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina. Um nám utan skóla þarf að sækja sérstaklega að hausti. Hætti nemandi í utan skóla vali á miðri önn er það á ábyrgð foreldra að láta skóla vita svo hægt sé að setja annað val í staðinn.

## HVERNIG Á ÉG AÐ VELJA

Umsjónarkennari lætur nemendur fá í hendurnar blað til að merkja inn á. **Muna þarf að skrifa nafn og bekk auk þess að haka við 1., 2. og 3. val eins og nefnt var áðan.**

## HVAÐ ER Í BOÐI?

Hér á eftir fer stutt lýsing á þeim námskeiðum sem nemendur geta valið fyrir fyrsta tímabil þessa skólaárs.

## MÁNUDAGUR (Val á mánudögum er frá kl. 13:20-14:20)

### *Einn, tveir og elda*

Í þessum tímum leggjum við áherslu á einfaldar máltíðir. Lögð er áhersla að nemandinn geti tekið með sér fróðleik heim og nýtt það sem hann lærir í þessum tímum heima fyrir. Að nemandinn öðlist innsýn á margvíslega matargerð, fagleg handbrögð og kynnist margvíslegum hráefnum. Einnig verður farið í næringargildi matarins með hollustuna að leiðarljósi. Hér þarf svo sannarlega áhuginn að vera til staðar.

Umsjón: Jónas Bragi Jónasson

### *Fab-Lab*

Eðvarð og Hafdís eru saman að bjóða upp á spennandi Fab-Lab val. Ef þú hefur gaman að, leikjum, tölvuleikjum, tækjum, þrívíddarprenturum, VR, green screen, kvikmyndabrellum, límmiðagerð, fatapressu (t.d. til að búa til eigin boli), vélmennum, forritun/tölvuleikjagerð þá er þetta mögulega val fyrir þig. Nemendur þurfa ekki að kunna þessa hluti til að geta tekið þátt en allir geta fengið að búa eitthvað skemmtilegt til.

Umsjón: Eðvarð Hilmarsson og Hafdís S. Iura náttúrufræðikennarar.

### **Heimanámsaðstoð**

Ekki hafa áhyggjur á mánudagskvöldum. Kláraðu verkefni (heimavinnu) dagsins með aðstoð frá mér. Hversu ljúft er að vera búin/n með verkefni dagsins þegar skóladeginum lýkur svo þú getir eytt kvöldinu í allt annað en það?

Umsjón: Júlía Guðmundsdóttir

### **Kínverska**

Í þessu vali leggjum við grunninn að kínversku fyrir þá sem eru algjörir byrjendur og þetta val hentar þeim vel sem hafa áhuga á að kynna kínverski tungu og menningu.

Umsjón: Lovísa Sha Mi

### **Sundval**

Fjölbreyttir möguleikar að nýta sund sér til ánægju og líkamsræktar og læra betur sundtækni. Fyrir 10. bekkina sem hafa ekki lokið við skólasund **og aðra eftir samráð við Völu sundkennara.**

Umsjón: Vala Úlfjótisdóttir

### **Sýningargerð**

Nemendur skapa myndlistarverk eftir eigin höfði og setja í kjölfarið upp myndlistarsýningu.

Umsjón: Margrét Helga Sesseljudóttir

### **Val utan skóla**

Sjá lýsingu efst í skjali. Þeir sem velja þetta þurfa að hitta aðstoðarskólalastjóra og upplýsa um hvaða íþrótt eða tómstundastarf er að ræða. Eyðublöð fást hjá aðstoðarskólalastjóra.

Ræða við Fróða aðstoðarskólalastjóra

### **Vinafell (kl. 14-15)**

Nemendur kynna starfsháttum Vínafells sem er frístundaheimilið í Fellaskóla fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Þeir sem velja þetta námskeið læra að stjórna leikjum og taka þátt í umönnun undir leiðsögn. Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna með börnum. (Hefst kl. 14)

Umsjón: Sara Mist Jóhannsdóttir

### **Yin Jóga og slökun**

Unnið með liðleika og líkamsstöður. Við höldum hverri teygju/stöðu í 1 – 3 mín. Lærum að skynja skilaboð frá líkamanum og nota síðan huga og öndun til þess að ná fram meiri liðleika og góðri slökun í djúpvæfi líkamans.

Umsjón: Marija Dragic Skúlason.

## MIÐVIKUDAGUR (Val á miðvikudögum er frá kl. 13:20-14:20)

### Skúlpúrar

Gerð þrívíðra myndverka úr mismunandi efnum; tré, vírar, gifs, leir, akrýlplast, mósaik og fleira. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttu efni og hugað er að hvernig efni geta unnið saman. Valgreinin er hugsuð bæði sem list- og verkgrein þar sem unnið er á mörkum myndlistar, hönnunar og smíða. Stutt skal við sjálf hvers nemanda þannig að hann njóti sín sem best og það endurspeglar í verkum hans. Leitast er við að vinna með nemandanum og koma til móts við hugmyndir hans og óskir á samvinnugrunni. Markmiðið er þannig að nemandinn auki hæfni sína og færni til að búa til hluti og efli í leiðinni sjálfstæði sitt, frumkvæði og sköpunarmátt.

Umsjón: **Daníel Heiðar Guðjónsson**

### Körfubolti

Í körfuboltavali lærum við reglur í körfubolta og spilum körfubolta. Hentar stelpum jafnt og strákuum.

Umsjón: **Marija Dragic Skúlason**

### Master-chef

Hver vill ekki verða meistarakokkur og geta reitt fram dýrindis máltíðir. Í þessum tímum eldum við einfaldar og girnilegar máltíðir á einni klukkustund. Hér er mjög hratt farið yfir sögu en reynt að halda í gleðina sem því fylgir að geta gert dýrindis máltíð á skömmum tíma. Hér reynir á góða samvinnu allra nemenda í stofunni.

Umsjón: **Jónas Bragi Jónasson**

### Rafíþróttaval 111

Við ætlum að nýta okkur rafíþróttaverið í HundraðogEllefu þar sem við getum farið í allskonar skemmtilega tölvuleiki. Við erum að tala um leiki eins og Fortnite, Team Fortress, Rocket League, Roblox eða Minecraft svo dæmi séu nefnd. Við leggjum einnig áherslu á aðra praktíska hluti sem gott er að hafa í huga þegar maður spilar tölvuleiki.

Umsjón: **Gísli og Hlynur í 111**

### Rússneska

Í þessu vali leggjum við grunninn að rússnesku fyrir þá sem eru algjörir byrjendur og þetta val hentar þeim vel sem hafa áhuga á að kynna rússneski tungu og menningu.

Umsjón: **Natalia Mikhaylova**

### Stærðfræðival

Stærðfræðival er fyrir þá sem vilja aðstoð við eldra stigs stærðfræðina alveg eins og þá sem vilja meiri áskorun og jafnvel að fást við framhaldsskólastærðfræði...

Umsjón: **Júlía Guðmundsdóttir**

### **Tónlistarmyndbönd**

Á þessu námskeiði munu nemendur fá fræðslu um sögu og þýðingu tónlistarmyndbanda; sjá og rýna í eftirminnileg og tónlistarsögulega mikilvæg myndbönd. Í lok námskeiðsins mun hópurinn skjóta sitt eigið tónlistarmyndband.

**Umsjón: Friðrik S. Friðriksson**

### **Val utan skóla**

Sjá lýsingu efst í skjali. Þeir sem velja þetta þurfa að hitta aðstoðarskólalastjóra og upplýsa um hvaða íþrótt eða tómstundastarf er að ræða. Eyðublöð fást hjá aðstoðarskólalastjóra.

**Ræða við Fróða aðstoðarskólalastjóra**

### **Worldclass (fyrir stúlkur í 8.-10. bekk)**

Nú hafið þið tækifæri til að æfa í WorldClass á skólatíma einu sinni í viku. Leiðbeinendur verða ykkur innan handa. Mæting og þátttaka skiptir öllu máli.

## **FÖSTUDAGUR (Val á föstudögum er frá kl. 12:40 – 14:00)**

### **Bakstur**

Hver elskar ekki lagkökur, smákökur, pönnukökur, lummur, snúða og kleinur? Hvernig væri að læra að gera þetta sjálf(ur)? Í bakstursvali á föstudögum leggjum við áherslu að fara með heim það sem við bökkum og að nemandinn taki með sér fróðleik og kunnáttu sem hann getur nýtt heima fyrir. Hér gildir að hafa brennandi áhuga á bakstri og öllu sem því fylgir.

**Umsjón: Jónas Bragi Jónasson**

### **Borðspil og spurningakeppnir.**

Þetta valnámskeið leyfir nemendum að prufa mismunandi borðspil. Auk þess verður boðið upp á spurningakeppnir fyrir þá sem hafa áhuga. Tímarnir verða með mismunandi skipulagi og má gera ráð fyrir bæði spilum í stærri og smærri hópum. Kennari hjálpar nemendum með ný borðspil.

**Umsjón: Árni S. Björnsson og Eðvarð Hilmarsson**

### **Enska**

Í námskeiðinu eru fjölbreytt viðfangsefni og tekið tillit til getu hvers og eins. Sérstök áhersla er lögð á ritun, orðaforða og frásögn.

**Umsjón: Fe Galicia Isorena (Níní)**

### **Fatasaumur**

Nemendur sauma á sig flík eftir sniði, og velja á milli þess að gera peysu, jogging buxur eða pils.

**Umsjón: Margrét Helga Sesseljudóttir**

### **Hlaupaklúbbur**

Þetta valnámskeið mun snúast um hlaup. Nemendur mæta í anddyri skólans og hlaupa ásamt kennara mismunandi hlaupaleiðir. Farið verður yfir hvað sé góð hlaupatækni, hvernig unnið er upp þol og úthald ásamt því að gera grein fyrir mikilvægi þess að teygja bæði fyrir og eftir hlaup.

**Umsjón: Friðrik S. Friðriksson**

### **Hljómsveitaval**

Hljómsveitaval er í boði fyrir nemendur Fellaskóla í vetur eins og undanfarin ár. Þar er gert ráð fyrir að nemendur vinni saman í hópum undir leiðsögn atvinnutónlistarmanna, setji saman grúppur og spili þekkt lög eða frumsamin. Í lok val tímabils er gjarnan efnt til tónleika eða tónlist flutt á sal. Í vetur eru fjórir leiðbeinendur á bakvið valið og því möguleiki á að þeir nemendur sem vilja, æfi sérstaklega á ákveðin hljóðfæri s.s. hljómborð, gítar, bassa eða trommur. Einnig er aðstaða til að vinna raftónlist í tölvu, þá helst FL Studio. Markmiðið er að virkja nemendur í tónlist og til tónsköpunar. Mat fyrir valið er fyrst og fremst byggt á virkni nemenda, þátttöku í verkefnum, færni í hljóðfæraleik, framvindu og skapandi nálgun.

**Umsjón: Hrafnkell Örn Guðjónsson, Höskuldur Eiríksson, Ari Frank Inguson og Kristján Guðjónsson**

### **Kickbox / sjálfsvörn**

Hér getið þið lært undirstöðuatriði í kickbox og sjálfsvörn hjá reyndum þjálfara. Góð hreyfing fyrir alla og eflir um leið sjálfstraust.

**Umsjón: Lasse Brandt Jensen**

### **Myndmenntaval**

Í Myndmennt- vali verður áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur velja sjálfir verkefni og aðferðir sem þeir vilja vinna með og útfæra þau í þann miðil sem þeir kjósa helst svo sem, málun, teikningu, þrívíddarhluti, klippimyndir, leir, vatnslitun, tilraunir og rannsóknir. Einnig er hægt að vinna eftir fyrirfram gefnum verkefnum sem kennari leggur fram. Hægt er að vinna einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni.

**Umsjón: Greta S. Guðmundsdóttir**

### **Skemmtinefnd**

Umsjónarmaður félagsstarfs starfar með skemmtinefnd við að skipuleggja og undirbúa allt félagslíf nemenda innan skólans, svo sem opið hús, böll fyrir yngri og eldri nemendur, árs hátíðir og öskudagsskemmtun svo fátt eitt sé nefnt.

**Umsjón: Sara Mist Jóhannsdóttir**

### **Skólahreysti**

Vilt þú komast í geggjáð form? Vilt þú fá frábæra þjálfun í alhliða hreysti og íþróttalífsstíl? Vilt þú eiga möguleika á því að keppa fyrir hönd Fellaskóla í Skólahreysti? Þá er skólahreysti fyrir þig! Tímarnir verða mjög skemmtilegir, fjölbreyttir og árangursríkir.

**Umsjón: Róbert Árni Guðmundsson**

### ***Val utan skóla***

Sjá lýsingu efst í skjali. Þeir sem velja þetta þurfa að hitta aðstoðarskólastjóra og upplýsa um hvaða íþrótt eða tómstundastarf er að ræða. Eyðublöð fást hjá aðstoðarskólastjóra.

**Ræða við Fróða aðstoðarskólastjóra**

### ***WorldClass (fyrir drengi í 8.-10. bekk)***

Nú hafið þið tækifæri til að æfa í WorldClass á skólatíma einu sinni í viku. Leiðbeinendur verða ykkur innan handa. Mæting og þátttaka skiptir öllu máli.